

Fundargerð stjórnar BÍS 22/2015. miðvikudaginn 9. desember 2015 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs og Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs. Una Guðlaug Sveinsdóttir, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðslaráðs, Heiður Dögg Sigmarsdóttir, tengiliður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri, Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri.

Fjarverandi:

Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs.

Dagskrá:

- 1) Setning:
- 2) Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt.
- 3) Yfirlit stjórnarmanna:
 - a) Bragi: Var við afhendingu viðurkenninga á forvarnadegi og ræddi þar um skiptingu lottótekna þar sem Skátarnir telja sig eiga rétt á að fá hluta af þessum tekjum. Hann og fleiri voru í Skopje, Makedoníu þar sem viðtökur við kynningu á framboði Huldu Sólrúnar Guðmundsdóttur til Evrópustjórnar WOSM voru góðar og World Scout Moot kynning fékk góðar viðtökur.
 - b) Kristinn: Fjárlög rýnd og það sem fæst í æskulýðsmál vs. önnur mál.
 - c) Jón Þór: Búnir að loka ákv. kafla í lögnum okkar. Gæðaúttekt GSAT eru góð kaflaskil í okkar vinnu og mun skila verkefnum í áætlanagerð. Mikil aukning hefur verið í skráningum á ýmis mót, bæði innanlands og utan. Samstarf v/Auðar djúpúðgu verkefnisins gengur vel. Verkefni sem var skoðað í Porto gaf innblástur í að skoða útilífsskólamálin vel, landsbyggðin getur komið sterk inn þar. Hægt er að skoða styrkjamál og taka minnihlutahópavinkilinn á það starf.
 - d) Ólafur: Var í Svíþjóð á ráðstefnu NOPOLK nýverið og þar var utanaðkomandi fyrirlesari í Learning by doing – reynslunám. 1. skref í Gilwell hefst í janúar og það er góð aðsókn í það.
 - e) Heiður: Skátablaðið fer í prentun á morgun og dreifingu í næstu viku. Ungir talsmenn verða með atburð í næsta mánuði. Hún ræddi samskiptaáætlun og skátabúningsmál.
 - f) Una hefur verið að hitta skátafélög víða. Spurning um að bjóða þeim sem vilja ekki heimsókn upp á annarskonar kynningu. Nýjung er „verkefni vikunnar“ í þriðjudagspóstinum. Athuga hvort hægt er að fá launaðan starfsmann í vefvinnu því hún er bæði umfangsmikil og tímafrek.
- 4) Ungmennaráð – var boðið velkomið og þau fóru yfir niðurstöður frá „Rödd ungra skáta“ helgi sem var haldin á Akranesi í nóvember sl. Þar var rætt ýmislegt sem tengist skátastarfi og hvernig BÍS gæti styrkt það starf. Mjög áhugaverðar

hugmyndir og umræður spunnust út frá kynningunni. Sjá glærur og word skjal í stjórnarmöppu á sharepoint.

- 5) Starfsáætlanagerð. Farið var yfir verkefnaformin, gerðar breytingar og þau samþykkt. Starfsáætlun var lögð fram í samræmi við verkefnaformin. Ákveðið var að bera dagskrá skátaþings undir félagsforingjafund sem verður í febrúar næstkomandi. Starfsáætlun vísað til næsta fundar til samþykktar.
- 6) Fjárhagsáætlanagerð. Lögð voru fram drög til umræðu í samræmi við starfsáætlun. Fjárhagsáætlun vísað til gjaldkera og framkvæmdastjóra til nánari úrvinnslu og frágangs. Kannað verður með möguleika á að fá niðurfelld fasteignagjöld hjá Reykjavíkurborg en þau hafa fallið á BÍS nú þegar BÍS hefur keypt SSR út úr húsnæðinu að Hraunbæ 123.
- 7) Trúnaðarmál. Bókað í trúnaðarbók.
- 8) Önnur mál
 - a) Skátahöfðingi býður stjórn BÍS til kvöldverðar miðvikudaginn 16. des.
 - b) Næsti stjórnarfundur er áætlaður 20. janúar 2016.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 20:47.

Fundargerð ritaði HS/SÁ.